Reglur um afslátt af fasteignaskatti árið 2015

1.gr.
Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Fjallabyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.
Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Fjallabyggð sem búa í eigin íbúð og:
a) eru 67 ára á árinu eða eldri, eða
b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar.
Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í.

3. gr.
Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði sem nefnd eru í 2. gr. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

4. gr.
Afsláttur af fasteignaskatti hjá tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum er tekjutengdur og er allt að kr. 56.000,-. Afsláttur er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna samkvæmt síðasta skattframtali, þ.e. vegna tekna ársins 2013. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

5. gr.
Tekjumörk eru sem hér segir:

Flokkur -	Einstaklingar	Afsláttur
1.	0 - 1.761.000 –	100%
2.	1.761.001 – 2.123.000 -	75%
3.	2.123.001 – 2.474.000 –	50%
4.	2.474.001 – 2.816.000 –	25%
5.	2.816.001 – –	0%

Flokkur -	Hjón/Sambýlisfólk	Afsláttur
1.	0- 2.641.000 -	100%
2.	2.641.001 – 3.169.000 -	75%
3.	3.169.001 – 3.697.000 –	50%
4.	3.697.001 – 4.225.000 –	25%
5.	4.225.001 – –	0%

6. gr.
Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er heimilt að víkja frá 2. og 4 gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmið um tekjumörk sl. árs.
Hér er einkum átt við sérstök tilvik, s.s.:
a) þegar maki hefur fallið frá á árinu og tekjur lækkað verulega.
b) ef um skyndilega örorku er að ræða, sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.
c) einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í allt að 3 ár hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun en eiga áfram íbúð, sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmennum.

Reglur Fjallabyggðar um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka eru aðgengilegar á heimasíðu bæjarfélagsins.

20. febrúar 2015
Deildarstjóri stjórnsýslu og fjármála